

AUGLÝSING

62

15. júní

um samkomulag milli Íslands og Grikklands um afnám vegabréfsáritana.

Með erindum, dags. 14. maí 1955, hafa sendiherrar Íslands og Grikklands í París gert samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara annars landsins, sem ferðast vilja í hinu, enda sé ekki um launaða atvinnu eða lengri dvöl en tveggja mánaða að ræða.

Samkomulagið gengur í gildi hinn 1. júlí 1955.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 15. júní 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

BRÁÐABIRGÐALÖG

63

25. ágúst

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að gera nokkrar breytingar á gildandi lögum um tilkynningar aðsetursskipta, til þess að bæta úr örðugleikum á framkvæmd tilkynningarákvæða. Skrár þær, miðaðar við 1. desember ár hvert, sem allsherjarspjaldskráin lætur sveitarstjórnnum í té, eru grundvöllur álagningar allra opinberra gjalda í landinu, og auk þess eru kjörskrár og ýmsar aðrar skrár á þeim byggðar. Skiptir því meginmáli, að þær séu sem fyllstar og réttastar, en til þess að svo megi verða um skrárnar 1. desember 1955, þarf að lögfesta nefndar breytingar nú þegar, þar sem tíma þarf til að láta gera eyðublöð til samræmis og dreifa þeim um landið, áður en haustflutningar hefjast.

Félagsmálaráðherra telur af þessum ástæðum brýna nauðsyn bera til þess, að umræddar breytingar verði ákveðnar með bráðabirgðalögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 1. málsg. orðist svo:

Hver sá, sem flytur heimilisfang sitt í annað sveitarfélag, skal tilkynna það innan 7 daga sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til.

2. 1. málsliður 3. töluliðs 3. málsg. orðist svo:

Skólafólk við nám utan heimilissveitar, enda sé dvölin í viðkomandi sveitarfélagi eingöngu eða að mestu vegna námsins.

3. Á eftir 4. tölulið 3. málsg. komi nýr töluliður, þannig:

5. Aðkomumenn í þjónustu varnarliðsins, verktaka þess og hliðstæðra aðila, sem láta í té starfsliðsskrár reglulega. Hins vegar eru slíkir starfsmenn við